

1804229

**1806174 - Fundargerðir framkvæmda- og veitustjórn 2018 - ný nefnd**

*1. fundur haldinn 28. júní*

- liður 4, málsnr. 1804229 - Útistofur við Vallaskóla. Bæjarráð óskar eftir kostnaðaráætlun til að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2018.

Gunnar Egilsson, D-lista, lagði fram eftirfarandi bókun undir lið 4, í fundargerð:  
Undirritaður furðar sig á vinnubrögðum meirihluta B-, S-, Á og M-lista í þessu máli. Í vor var samþykkt samhljóða af öllum fulltrúum í framkvæmda- og veitustjórn að ráðast í kaup á lausum kennslustofum til nota í Vallaskóla, ákvörðunin var tekin að höfðu samráði við stjórnendur í Vallaskóla vegna mjög hraðrar fjölgunar nemenda í skólanum mánuðina þar á undan og fyrirsjáanlegra þrengsla í skólanum í haust. Voru kaupin staðfest að undangenginni könnun á verði slíkra eininga. Viðauki við fjárhagsáætlun vegna verkefnisins var síðan samþykktur samhljóða í bæjarstjórn. Um er að ræða einfalda og ódýra leið til að taka á húsnæðisvanda í þéttsetnum grunnskóla til skamms tíma og fljótlegt er að koma einingunum fyrir þar sem þær eru ekki jarðfastar. Stefnt hefur verið að því að taka fyrsta áfanga nýs skóla í landi Björkur í notkun haustið 2020 og nýta stofurnar þangað til. Samskonar lausnir hafa verið nýttar á öðrum stöðum á landinu, og er t.d. verið að reisa heilan skóla úr slíkum stofum í Reykjanesbæ. Nú tekur nýr meirihluti, sem er að mestu skipaður sömu einstaklingum og samþykktu þessi kaup fyrir nokkrum vikum, þá ákvörðun að henda þessu úrræði um næstu áramót og setja niður aðrar kennslustofur til bráðabirgða. Fjárheimildir til aukins kostnaðra í þessu skyni eru ekki fyrir hendi. Ekki er farið vel með fjármuni sveitarfélagsins með þessum hætti og er klárlega ekki verið að gæta hagsmuna Sveitarfélagsins Árborgar með þessari ákvörðun. Þessi hringlandaháttur vekur einnig upp hugrenningar um hvort til standi að seinka framkvæmdum við nýjan skóla í Björkurlandi og er hér með farið fram á svör við þeirri spurningu.

Gunnar Egilsson, D-lista.